

Sent í tölvupósti

Reykjavík, 27. febrúar 2023

Alþingi
Velferðarnefnd
b.t. Líneik Anna Sævarsdóttir, formaður

Efni: Umsögn til velferðarnefndar um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002 (sérhæfð þekking), 645. mál, 153. löggjafarþing.

Bændasamtök Íslands telja að með breytingum þeim sem lagðar eru til í frumvarpsdrögum sé stigið þarft og mikilvægt skref til að tryggja að hægt sé að manna mikilvæg störf í landbúnaði. Í nýlega framlögðum drögum að matvæla- og landbúnaðarstefnum kemur skýrt fram að efla á innlenda landbúnaðarframleiðslu sem ná á fram, meðal annars, með aukinni og enn fjölbreyttari framleiðslu. Ljóst má vera að mikilvægur þáttur í þessu ferli verður að sækja þekkingu erlendis frá.

Atvinnurekendur, sem stunda landbúnaðarframleiðslu, hafa einnig á undanförunum misserum átt erfitt með að manna stöður með innlendu vinnuafli og á það bæði við um störf sem krefjast sérhæfðrar þekkingar og önnur störf. Frumvarpið er því skref í rétta átt en samtökin telja jafnframt að Vinnumálastofnun þurfi að hafa auknar heimildir til að meta stöðuna varðandi almenn störf, og þá á sama grundvelli og á við um störf sem krefjast sérhæfðrar þekkingar.

Varðandi þá útfærslu sem boðuð er með lagabreytingunni, þ.e. að listi sé birtur í reglugerð, þá telja Bændasamtökin að sú skylda þurfi að hvíla á ráðherra að uppfæra reglugerðina alltaf þegar teikn eru á lofti um fyrirsjáanlegan skort í atvinnugreininni.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur